

## Punkturinn 6.tbl. 2010 - Fréttabréf um skattamál

Fyrirhuguð tvöföldun á erfðafjárskatti af fyrirframgreiddum arfi

Skatta- og lögfræðisvið Deloitte aðstoðar við frágang skjala vegna fyrirfram greidds arfs

Gengistrygging húsnæðislána einstaklings ólögleg

### Erfðafjárskattur gæti tvöfaldast ef óbreytt fjárlagafrumvarp verður að lögum

Samkvæmt núgildandi lögum nr. 14/2004 er erfðafjárskattur 5% af fjárverðmætum sem úthlutað er til erfingja við skipti á dánarbúi eða sem kemur til úthlutunar sem fyrirframgreiddur arfur. Enginn erfðafjárskattur er þó greiddur af fyrstu kr. 1.000.000,- í skattstofni dánarbús, sem gildir þó ekki um fyrirframgreiddan arf.

Samkvæmt hugmyndum starfshóps fjármálaráðherra um breytingar og umbætur á skattkerfinu er í fjárlagafrumvarpi gert ráð fyrir tvöföldun á erfðafjárskattinum, hækkun úr 5% í 10%. Áætlaðar breytingar eiga að taka gildi á árinu 2011.

Enn er ráðrúm til að ganga frá fyrirframgreiðslu á arfi til erfingja á árinu 2010 til þess að komast hjá því að þeir greiði tvöfalt hærri erfðafjárskatt. Vakin er athygli á að fyrirframgreiðsla arfs þarf að vera með formlegum hætti.

Dæmi um fyrirhugaðar breytingar sem verða á skatti vegna fyrirframgreidds arfs:

Arfur	Skattur 2010	Skattur ef breytingar ganga eftir frá 2011
10.000.000 kr.	500.000 kr.	1.000.000 kr.

Starfsmenn skatta- og lögfræðisviðs Deloitte geta tekið að sér að ganga frá skjölum vegna fyrirframgreidds arfs fyrir viðskiptavini.

### Héraðsdómur Reykjavíkur 28. september 2010 í máli nr. X-97/2009

Í máli þessu voru gengistryggð húsnæðislán sóknaraðila, sem voru hjón, til umfjöllunar. Fóru þau fram á fyrir dómi að þeim væri óskilytt að greiða afborganir af lánum sínum hjá Frjálsa Fjárfestingarbankanum hf., umfram það sem gert var ráð fyrir í upprunalegum greiðsluáætlunum. Bygðu sóknaraðilar kröfu sína á því að gengistryggð lán væru ólögleg skv. íslenskum rétti og bankanum óheimilt að krefja um endurgreiðslu lánanna, sem þau fengu í íslenskum krónum, þannig að miðað væri við gengi gjaldmiðla.

Í forsendum dómsins kemur fram að þótt yfirskrift allra lánssamninga sem fjallaði um í málinu gæfu til kynna að samið hafði verið um lán í erlendri mynt, þá yrði ekki horft fram hjá þeirri staðreynd að lánsfjárhæðin væri í öllum tilvikum í íslenskum krónum og hana bar að greiða í íslenskum krónum. Breytti því engu þótt lánsfjárhæðin sé sögð „jafnvirði“ íslenskra króna í þar tilgreindum myntum. Þá kom fram að umrætt lán væri bundið sölugengi Seðlabanka Íslands á umsömdum myntum. Benti þetta ótvírætt til að lánið væri í íslenskum krónum enda ástæðulaust að taka slíkt fram ef lánið væri í raun í erlendri mynt. Hið sama gegndi um áberandi áletrun um breytilega LIBOR vexti sem fylgja átti. Taldi dómurinn að umræddir lánasamningar aðila væru í íslenskum krónum og gengistryggðir eftir gengi tiltekinn erlendra gjaldmiðla á gjalddögum. Féllu samningarnir því undir ákvæði VI. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Héraðsdómur vísar í dóma Hæstaréttar frá 16. júní 2010 í málum nr. 92/2010 og 153/2010, og vísar til þess að þótt þar hafi verið um bílalán að ræða þá verði ekki ráðið að unnt sé að leggja önnur sjónarmið til grundvallar niðurstöðu, þó lánasamningar um húsnæðiskaup ættu í hlut í þessu máli. Var því niðurstaða héraðsdóms sú að samningarnir væru ólögmatir. Dómurinn fjallar einnig um ákvörðun vaxta. Þar er vísað í forsendur dóms Hæstaréttar frá 16. júní nr. 471/2010, en um dóminn var fjallað í síðasta tölublaði Punktisins. Vextir af skuldinni skyldu á hverjum tíma vera jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnun og birtir eru skv. 10. gr. laga um vexti og verðtryggingu.

**Gengistrygging****húsnæðislána lögaðila  
ólögleg****Héraðsdómur Reykjavíkur 29. september 2010 í máli nr. X-93/2009**

Í þessu máli voru gengistryggð húsnæðislán einnig til umfjöllunar. Hér var sóknaraðilinn lögaðili en ekki einstaklingur. Ágreiningur aðila snerist meðal annars um það hvort umrætt veðskuldabréf væri skuldbinding í erlendri mynt eða íslenskum krónum sem bundnar væru gengi erlendra gjaldmiðla. Í samningsákvæðum kom skýrlega fram að samningur aðila væri skuldbinding í íslenskum krónum og gengistryggður eftir gengi tiltekinn erlendra gjaldmiðla. Héraðsdómur vísaði í Hæstaréttardómana frá 16. júní 2010, þar sem sambærilegur ágreiningur var uppi. Var það niðurstaða héraðsdóms að atvik þessa máls svipaði svo mjög til atvika í dómum Hæstaréttar að leggja skyldi til grundvallar þau sjónarmið sem þar komi fram, til lausnar á ágreininginum. Samkvæmt því var niðurstaða dómsins sú að samningurinn var dæmdur ólögmatgur með sömu rökum og áður hefur verið fjallað um og því óskuldbindandi fyrir sóknaraðila. Dómafordæmi Hæstaréttar um hvaða vexti skuli miða við var einnig nýtt og skyldu vextir á skuldinni því á hverjum tíma vera jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtrygðum útlánum hjá lánastofnun og birtir eru skv. 10. gr. laga um vexti og verðtryggingu.

**Úrskurður yfirkattanevndar nr. 11/2010**

Málavextir voru þeir að ríkisskattstjóri boðaði endurákvörðun opinberra gjalda kæranda. Fyrirhugað var að hækka fjármagnstekjur kæranda í skattframtali um fjárhæð sem ríkisskattstjóri taldi vera söluhagnað sem orðið hafi til í viðskiptum með hlutafé í X ehf. sem farið hefði fram með flutningi á heimilisfesti M Ltd. frá Bresku Jómfrúareyjum til Lúxemborgar.

Forsendur ríkisskattstjóra fyrir ákvörðuninni voru meðal annar þær að líta ætti á tilflutning hlutabréfanna í X ehf. frá félaginu á Bresku Jómfrúareyjum til félagsins í Lúxemborg, sem sölu í skattalegu tilliti.

Í boðunarbréfi ríkisskattstjóra kemur fram að samkvæmt 18. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt (tsl.), teldist hagnaður af sölu hlutabréfa mismunur á söluverði þeirra annars vegar og kaupverði þeirra hins vegar og teldist hagnaðurinn að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skipti ekki máli hve lengi skattaðili hefði átt hin seldu hlutabréf. Þá kemur fram að skattfrelsi lögaðila á söluhagnaði hlutabréfa sbr. 9.a.tölul. 31. gr. tsl., tæki einungis til sölu hlutabréfa á EES-svæðinu. Þá vísaði Ríkisskattstjóri einnig í 1. mgr. 57. gr. tsl. sem hefði að geyma raunveruleikareglu eða armslengdarreglu skattalaga og taldi að það ákvæði ætti við í máli þessu.

Kærandi hélt því fram að ekki hefði verið um sölu að ræða heldur hefði einungis verið um að ræða flutning félags úr lögsögu eins ríkis í annað, frá Bresku Jómfrúareyjum til Lúxemborgar. Í úrskurði yfirkattanevndar kemur fram að kærandi sem væri í beinum eignatengslum við umrædd erlend félög vegna persónulegs eignarhalds á móðurfélagi þeirra sem skráð væri á Kýpur, hefði skirrt við að veita upplýsingar og leggja fram gögn er vörðuðu þýðingamikil atriði. Yfirkattanevnd taldi ekki efni til þess að hnekkja ákvörðun ríkisskattstjóra um að líta framhjá hinu umdeilda eignarhaldi að hlutafénu á Bresku Jómfrúareyjum í skattalegu tilliti, enda hafði kærandi ekki sýnt fram á að neinar málefnalegar ástæður hefðu búið þar að baki.

Yfirkattanevnd féllst einnig á það með ríkisskattstjóra að líta yrði á tilflutning félagsins sem skráð var á Bresku Jómfrúareyjum til Lúxemborgar með skráningu þess þar, sem stofnun félags þar í landi. Almennt væri ekki um það að ræða að hlutafélög eða einkahlutafélög yrðu flutt úr einni lögsögu í aðra með hliðstæðum hætti og þegar heimilisfangi félags væri breytt innan sömu lögsögu. Var því kröfum kæranda hafnað.



**Upplýsingar um máls-  
atvik sem skattstjóri  
aflar að eigin frum-  
kvæði án þess að máls-  
aðili eigi þess kost að  
kynna sér þau og tjá sig  
um þau áður en að  
kærumeðferð kemur, er  
brot gegn andmæla- og  
upplýsingarétti máls-  
aðila**

### Úrskurður yfirsattanefndar nr. 278/2010

Kæruefnið í máli þessu var ákvörðun skattstjóra að synja kæranda um sérstaka skráningu í virðisaukaskattskrá samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 577/1989, um frjálsa og sérstaka skráningu sbr. 6. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, vegna byggingu fjóss. Forsendur synjunar skattstjóra voru í meginatriðum þær að hann taldi að hið nýbyggða fjós hefði verið tekið til óskattskyldra nota. Hefði þá verið hafin starfsemi í fjósinu án þess að aflað hefði verið frjálsrar skráningar. Hin óskattskyldu not höfðu það í för með sér að mati skattstjóra að forsendur fyrir sérstakri skráningu væru brostnar.

Í niðurstöðum yfirsattanefndar kemur fram að ágreiningslaust sé að fjósið hafi frá upphafi verið ætlað til nota við atvinnurekstur skattskylds aðila en það sé frumskýrði fyrir sérstakri skráningu. Skattstjóri hafi byggt ákvörðun sína um synjun á upplýsingum um málsatvik sem skattstjóri aflaði að eigin frumkvæði án þess að kærandi hafi átt þess kost að kynna sér og tjá sig um fyrr en við kærumeðferð málsins hjá skattstjóra. Taldi yfirsattanefnd að skattstjóri hefði með þessu brotið gegn andmæla- og upplýsingarétti kæranda. Að mati yfirsattanefndar gáfu þessar upplýsingar sem skattstjóri aflaði og grundvallaði synjun sína á ekki til kynna að fjósið hefði verið tekið til óskattskyldra notkunnar.

Var krafa kæranda um sérstaka skráningu í grunnkrá virðisaukaskatts vegna byggingar fjóssins tekin til greina, enda voru skilyrði slíkrar skráningar talin uppfyllt að mati yfirsattanefndar, sbr. 1. mgr. 3. gr. umræddrar reglugerðar.

### Úrskurður yfirsattanefndar nr. 46/2010

Í úrskurði yfirsattanefndar nr. 46/2010 krafðist skattrannsóknarstjóri ríkisins þess að skattaðila yrði gerð sekt fyrir að hafa staðið skil á efnislega röngu skattframtali. Taldi skattrannsóknarstjóri að skattaðili hefði vantalið söluhagnað hlutabréfa í félagi sem seld voru erlendu fjármála fyrirtæki, þ.e. að skattaðili hefði vantalið fjármagnstekjur sínar. Taldi skattrannsóknarstjóri háttsemin hefði farið í bága við 90. gr., sbr. C-lið 7. gr. tskl. og að refsiskilyrðum 1. mgr. 109. gr. tskl. væri uppfyllt.

Í málinu kom fram að ýmis ágreiningsefni varðandi meintan vantallinn söluhagnað skattaðila höfðu ekki fengið neina umfjöllun skattyfirvalda áður en sektarkrafa á hendur honum var lögð fyrir yfirsattanefnd. Þar sem slíkt hafði ekki verið gert taldi yfirsattanefnd að sérstaka nauðsyn hefði borið til þess að skattrannsóknarstjóri ríkisins rökstyddi ályktun sína um vantallinn skattstofn með tilliti til framkominna sjónarmiða skattaðila. Taldi yfirsattanefnd slíkt vera mikilsvert með tilliti til andmælaréttar skattaðila og málsvarnar hans að skýr mörk væru lögð um meint refsivert brot og hvernig talið væri að huglægum refsiskilyrðum væri háttað um þau.

Var grundvöllur að sektarkröfu skattrannsóknarstjóra svo áfátt að henni var vísað frá yfirsattanefnd.

### Áfangaskýrsla starfshóps um breytingar og umbætur á skattkerfinu

Í apríl 2010 skipaði fjármálaráðherra starfshóp til að móta og setja fram heildstæðar tillögur um breytingar og umbætur á skattkerfinu í framhaldi af þeim breytingum sem gerðar voru á skattalöggjöfinni á árinu 2009. Nú í september kom út skýrsla starfshópsins og er efni hennar tvíþætt. Annars vegar er almenn umfjöllun um stöðu íslenska skattkerfisins með tilliti til þeirra markmiða sem starfshópnum er gert að leggja til grundvallar og þær meginleiðir sem til álita koma til skemmri og lengri tíma litið. Hins vegar var gerð grein fyrir hugmyndum um viðbótartekjuöflun á árinu 2011 í samræmi við áform ríkisstjórnarinnar á því ári.

Hugmyndir starfshópsins að aukinni tekjuöflun á árinu 2011 eru eftirfarandi:

1. Hækkun á tekjuskatti lögaðila og fjármagnstekjuskatti í 20%
2. Breyting/hækkun á auðlegðarskatti.
3. Breyting/hækkun á erfðafjárskatti. Erfðafjárskattur hækkaður úr 5%-10%.
4. Breyting/hækkun á vörugjöldum áfengis og tóbaks.
5. Hækkun kolefnisgjalds á fljótandi eldsneyti.
6. Upptaka skatts á fjármálaþjónustu.

**Tillögur starfshóps  
fjármálaráðherra um  
skattbreytingar lúta  
að hækkun skatta á  
lögaðila**

**Skýrsla SA og VÍ gagnrýnir flókið skattkerfi og telur yfirvöld vera á villigötum í mörgum málum**

## Skattkerfi atvinnulífsins - Fjárfesting - Atvinna - Lífskjör - Tillögur til úrbóta

Í lok september s.l. héldu Samtök atvinnulífsins, SA og Viðskiptaráð Íslands, VÍ, fund vegna útgáfu skýrslu sem samtökin gerðu sameiginlega um skattaumhverfi og álögur á fyrirtæki. Markmiðið með skýrslunni var að gera úttekt á skattaumhverfinu og tillögur um úrbætur. Margir helstu sérfræðinga landsins á sviði skattamála komu að skýrslunni, þar á meðal þrír starfsmenn Deloitte.

SA og VÍ telja lykiltríði við örvun hagvaxtar vera auknar fjárfestingar í atvinnulífinu sem leiði til aukinna umsvifa fyrirtækja, sem aftur skili auknum skattgreiðslum í ríkissjóð. Það muni leiða til þess að minnka þörf á beinum skattahækkunum.

Samtökin telja þær skattbreytingar og hækkningar sem gerðar voru árið 2009 hafi leitt til flóknara kerfis og að einfaldleika og gagnsæi skattkerfisins hafi verið fórnad. Með flóknara skattkerfi eykst hættan á undanskotum og mistökum við innheimtu skatta, segir í skýrslunni.

Tillögur SA og VÍ um breytingar á löggjöf um skattamál miði að því að halda fólki í vinnu og fyrirtækjum gangandi. Þannig eru þær í takt við tillögur sem Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn (AGS) vann fyrir fjármálaráðherra í júlí 2010.

Helstu tillögur SA og VÍ miða að bættu verklagi og lækun ákveðinna skatta. Má þar nefna tillögu um að tekjuskattshlutfallið lækki aftur í 15% í stað 18%. Þvert á þessar tillögur, hefur komið í ljós í fjárlagafrumvarpinu að hækka eigi skattshlutfallið í 20% frá og með 2011.

Skattlagning í fámennum hlutafélögum hefur verið gagnrýnd sérstaklega en þar hefur fjármálaráðherra unnið út frá því að arður sem greiddur er í hluta- og einkahlutafélögum verði skattlagður sem tekjur en ekki sem fjármagnstekjur. Telja samtökin að slík skattlagning sé ósanngjörn og nái ekki tilgangi sínum. Í tillögum fjármálaráðherra er gengið út frá því, að hagnaður sem myndast í fyrirtæki þar sem hluthafi er einnig starfsmaður, stafi eingöngu frá starfi starfsmannsins. Samtökin telja þetta fráleita hugsun og telja sérkennilegt að ekki sé tekið tillit til hagnaðar af vörusölu, eða öðrum þáttum sem fyrirtækið myndar hagnað sinn af. Þessi breyting hefur sýnt að einkahlutafélagaformið sé ekki vænn valkostur fyrir allar gerðir fyrirtækja vegna skattlagningar sinnar. Markmið fjármálaráðherra, að ná skatti af tekjum sem myndast í félögum virðist þar með ekki ná tilgangi sínum, þar sem fjölgun á breyttu formi fyrirtækja hefur verið mikil, til þess eins að komast hjá auknum skattgreiðslum.

Vala Valtýsdóttir forstöðumaður Skatta- og lögfræðisviðs Deloitte segir í skýrslunni: „Breytingar á ákvæðum skattalaga um skattlagningu arðs í fámennum hlutafélögum eru afar óskýrar og munu að mínu mati varla ná tilgangi sínum. Stofnun samlagsfélaga sýna enda þau viðbrögð sem þessi breyting fékk. Nær hefði verið að miða við óbreyttar reglur um reiknað endurgjald, sem eru mun einfaldari í framkvæmd bæði fyrir skattgreiðendur og skattfyrirvöld.“

### Frekari upplýsingar

Vinsamlega hafið samband ef óskað er eftir frekari upplýsingum:



#### Vala Valtýsdóttir

Yfirmaður skatta- og lögfræðisviðs  
Sími: 580-3036  
vala.valtyisdottir@deloitte.is

### Ábyrgðaraðili:

Vala Valtýsdóttir,  
yfirmaður skatta- og lögfræðisvið Deloitte

### Ritstjóri:

Pétur Steinn Guðmundsson,  
lögfræðingur skatta- og lögfræðisvið Deloitte

Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see [www.deloitte.com/about](http://www.deloitte.com/about) for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu Limited and its member firms.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 140 countries, Deloitte brings world-class capabilities and deep local expertise to help clients succeed wherever they operate. Deloitte's approximately 170,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This publication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, Deloitte Global Services Limited, Deloitte Global Services Holdings Limited, the Deloitte Touche Tohmatsu Verein, any of their member firms, or any of the foregoing's affiliates (collectively the "Deloitte Network") are, by means of this publication, rendering accounting, business, financial, investment, legal, tax, or other professional advice or services. This publication is not a substitute for such professional advice or services, nor should it be used as a basis for any decision or action that may affect your finances or your business. Before making any decision or taking any action that may affect your finances or your business, you should consult a qualified professional adviser. No entity in the Deloitte Network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this publication.